



VELFERÐ

MÁLGAGN OG FRÉTTABRÉF HJARTAHEILLA
24. árg. 2. tbl. nóvember 2012





Ágætu félagsmenn Hjartaheilla og aðrir velunnarar samtakanna.



Enn nálgast jól og áramót og við slík tímamót fer vel á því að líta aðeins yfir farinn veg og horfa til framtíðar. Þann 20. október s.l. höldum við aðalfund samtakanna okkar og var þar lögð fram ítarleg skýrsla stjórnar yfir félagsstarfið síðastliðin 3 ár eða frá því við höldum síðast aðalfund í september 2009. Skýrslan er birt í þessu blaði og skal því forðast að endurtaka það sem þar kemur fram. Ég vil þó nefna örfá atriði sem lúta að verkefnum þeim sem framundan eru.

Fyrst skal þess þó getið að starfsemi Hjartaheilla hefur verið með hefðbundnum hætti. Starf skrifstofunnar hefur verið í höndum Ásgeirs Þórs Árnasonar framkvæmdastjóra okkar og Guðrúnar Bergmann Franzdóttur, formanns Neistans, en auk þeirra hafa margir sjálfbóðaliðar komið að hinum ýmsu verkefnum sem þurft hefur að vinna. Vil ég færa öllu þessu fólki mínar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og vel unnin störf.

Eins og þið vitið öll þá hefur eitt af meginverkefnum samtakanna, fyrir utan hið hefðbundna starf, verið mælingarnar sem við höfum framkvæmt vítt og breitt um landið. Ferðir þessar hafa ávallt tekist afar vel, fjöldi manna verið mældur og skoðaður og margir fengið mikilvægar upplýsingar, jafnvel aðvaranir, sem ekki hefðu mátt dragast lengur, og er því gagnsemi mælingaferðanna ótvíræð. Á öllum stöðunum höfum við unnið með SÍBS og í nánú samráði við heilsugæslustöðvar og heilbrigðisstarfsfólk og eru því góða fólki hér með færðar þakkir fyrir gott samstarf. Nú háttar hins vegar svo að við þurfum að sækja stuðning við verkefnið til velferðarráðuneytisins, í stað Alþingis áður, og á þessu stigi alveg óvíst hvernig styrkumsókn okkar muni reiða af. Rétt er að geta þess hér að nú er að hefjast sérstakt rannsóknarverkefni varðandi þessar mælingar í samstarfi við Oddfellow-regluna, SÍBS og Landspítalann. Við megum því ekki láta deigan síga og verðum að halda þessu mikilvæga verkefni áfram af fullum krafti.

Á næsta ári verða samtökin 30 ára. Það er því tímabært að huga að því með hvaða hætti við viljum minnast þessa atburðar. Á 25 ára afmælinu tókum við myndarlegan þátt í söfnun til kaupa á nýju hjartaþræðingartæki og nú er, ekki síður en þá, þörf á að

endurnýja elsta tækið sem enn er starfrækt á Landspítalanum, 16-17 ára gamalt þrátt fyrir að eðlilegur endingartími slíks hátækibúnaðar sé almennt talinn aðeins 7-8 ár! Málið hefur verið rétt í stjórninni en ekki enn verið tekin endanleg ákvörðun um þátttöku en hér er vissulega um áhugavert og mikilvægt verkefni að ræða.

Við höfum að undanfögnu átt í viðræðum við Hjartavernd um nánara samstarf og samvinnu. Ég horfi til þess að slík samvinna geti orðið báðum til heilla og farsældar. Hjartavernd er fyrst og fremst rannsóknarstofnun og sinnir gríðarlega mikilvægu hlutverki á hinu vísindalega sviði en okkar hlutverk er hið félagslega, að koma fræðslu og upplýsingum um forvarnir á framfæri við félagsmenn og almenning. Þar held ég að leiðir okkar geti legið saman og kraftar nýst vel, öllum til hagsbóta.

Að lokum vil ég nefna að samtökin okkar þyrftu að vera öflugri og meira áberandi. Okkur hefur reynst nokkuð erfitt að halda uppi virku starfi í landshlutadeildum samtakanna og að fá fólk til að gefa kost á sér til trúnaðarstarfa. Til að reyna að bæta úr þessu og gera samtökin skilvirkari samþykktum við á aðalfundinum breytingar á lögum félagsins, má í raun segja að um ný lög hafi verið að ræða. Breytingarnar voru ræddar á mörgum stjórnarfundum, á formannafundi og síðan sendar út til allra stjórnarmanna og formanna deildanna í sumar og hafa því fengið góðan undirbúning og mikla umfjöllun. Nú reynir á okkur öll sem valist höfum til trúnaðarstarfa fyrir Hjartaheill, landssamtökin og landshlutadeildirnar, að láta að okkur kveða og styrkja starfsemina svo sem frekast má verða.

Margt fleira mætti telja upp en ég læt hér staðar numið. Ég vil að lokum senda öllum félagsmönnum Hjartaheilla, fjölskyldum þeirra og öðrum velunnurum samtakanna bestu óskir um gleðileg jól og óska þeim heilla og farsældar á komandi ári.

Stöndum saman og eflum samtökin okkar til enn frekari dæða!

Með hjartans kveðjum,

Guðmundur Bjarnason, formaður stjórnar Hjartaheilla.





Sveinn Guðmundsson.

Frá ritstjóra

heilsufar þjóðfélagshóps eða þjóðar og er þá átt við líkamlega, andlega og félagslega heilsu fólks. Segja má að hún grundvallist á samfélagslegri og sameiginlegri ábyrgð á því að bæta heilbrigði, lengja líf og auka lífsgæði fólks í viðum skilningi. Lýðheilsa byggir á samstarfi margra fræðigreina og snertir flestöll svið samfélagsins hvort sem litið er til efnahagslegra, félagslegra eða umhverfislegra þátta. Hún byggir á vísindalegum grunni og notkun fjölþættra aðferða við rannsóknir sem eru grunnurinn að hnitmiðuðu og vel heppnuðu forvarnar- og heilsueflingarstarfi í þágu þjóðarinnar.

Á undanförunum áratugum hefur þjóðfélagið verið að þróast og hafa ýmsar menningar- og félagslegar breytingar haft gríðarleg áhrif á líf fólksins í landinu. Fjöl margar rannsóknir hafa sýnt fram á að örur þjóðfélagsbreytingar koma oft niður á félagslegri einingu samfélagsins sem endurspeglast í almennri líðan og hegðun fólks og því er mikilvægt nú, sem aldrei fyrr, að huga að þessum þáttum.

Lýðheilsa þarf því að vera hluti af almennri umræðu um þjóðfélagsmál og að sem flestar hliðar hennar verði ræddar á þeim vettvangi. Stuðla þarf að þróun og rannsóknum á sviði lýðheilsu, beitingu viðurkenndra aðferða við mat á árangri verkefna og síðast en ekki síst að vekja athygli almennings á möguleikum til að hafa áhrif á eigið heilbrigði og leiðir til heilsueflingar.

Hjartaheill vill stuðla að öllu framangreindu og leggja fram til eflingar lýðheilsu á Íslandi, að því marki sem samtökunum er það kleift og fjárhagur þeirra leyfir. Hafa ber í huga að starfsemi Hjartaheilla er að meginparti sjálfbodaðastarf einstaklinga með kærleikann að leiðarljósi.

Nú göngum við inn í jólahátíðina. Hugsum vel um hvort annað og látum gott af okkur leiða.

S. Kristján Ingimarsson samdi svo fallett lag um kærleikann og ástina þar sem hann segir m.a.

*Þó að jólin komi innþökkuð
í glanspappír og glimmerskraut
Við skulum ekki gleyma því
að allt sem þetta snýst um
er kærleikur og ást.*

Í fyrra bréfi Páls til Korintumanna segir í óðinum um kærleikann:
Kærleikurinn er langlyndur, hann er góðviljaður.

Kærleikurinn öfundar ekki.

Kærleikurinn er ekki raupsamur, hreykir sér ekki upp.

Hann hegðar sér ekki ósæmilega, leitar ekki síns eigin, hann reiðist ekki, er ekki langrækin.

Hann gleðst ekki yfir óréttvísinni, en samgleðst sannleikanum.

Hann breiðir yfir allt, trúir öllu, vonar allt, umber allt.

Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi.

Jólin eru tími kærleika og friðar. Öll þekkjum við hvernig andrúmsloftið og við sjálf breytumst, hugsum meira um náungann, kærleikann og erum reiðubúin til þess að láta eitthvað gott af okkur leiða.

Hjartaheill eru samtök þar sem kærleikurinn er leiðarljós í starfi okkar. Á skrifstofu Hjartaheilla höfum við frábært starfsfólk sem greiðir götu þeirra sem til okkar leita. Ekki er spurt á hvaða tíma sólarhrings það er af þeirra hálfu, alltaf er nægur tími til að veita aðstoð. Þar er kærleikurinn að störfum. Starfsfólk okkar aðstoðar þá sem eiga um sárt að binda. Veitir þeim upplýsingar eða einfaldlega hlustar á skjólstæðinga okkar létta af sér áhyggjur sínum.

Hjartaheill stefnir að því að fjölga félögum í samtökunum. Aðeins er eitt skilyrði sett fyrir inngöngu, viðkomandi þarf að hafa hjarta. Markhópurinn er því öll þjóðin. Hjartaheill skilgreinir sig sem lýðheilsusamtök.

Lýðheilsa er hugtak yfir almennt

Pokasjóður styrkir Hjartaheill 4

Hjartaheill og Oddfellow 5

Hjartalausnir í Heilsuborg 6

Göngudeild kransæðasjúklinga 7

Gildi forvarna - Rannsóknir Hjarta-
verndar á fyrirbyggjanlegum sjúk-
dómum og afleiðingum þeirra 8

Aðalfundur Hjartaheilla 2012 10

Margir fá kransæðastíflu án þess að
hafa hugmynd um það 12

Kalla inn færri í hjartaþræðingu
út af biluðu tæki 13

Bronsmót ÍR 15

Golfmót Hjartaheilla 2012 19

Glæsilegum árangri í áheitasöfnun
fagnað 19

Minningarorð - Jóhannes Proppé . 20

Minningarorð -
Aðalsteinn Valdimarsson 20

Hvað vitum við um samband
fæðuneyslu og heilsufars 22

Klippa allan daginn fyrir hjartað . . 26

Alþjóðlegur hjartadagur
29. september 2012. Konur, börn
og hjartasjúkdómar 29

Mikilvægi hjartaþræðingatækja á
Landspítala 30

Velferð, málagn og fréttabréf
Hjartaheilla, landssamtaka
hjartasjúklinga.

Útgefandi: Hjartaheill, Síðumúla 6,
108 Reykjavík.

Heimasíða samtakanna: hjartaheill.is
Sími: 552 5744.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Sveinn Guðmundsson
Ritnefnd: Ásgeir Þór Árnason,
Guðrún Bergmann Franzdóttir
Margrét Albertsdóttir og Pétur
Bjarnason.

Prentun og umbrot: Viðey ehf.
Forsíðumynd: Mynd af nemendum úr
Kvennaskólanum í Reykjavík
Árni Rúnarsson
Upplag: 7.000

Aðsendar greinar eru á ábyrgð höfunda.



Pokasjóður styrkir Hjartaheill



Hér má sjá styrkþega ásamt stjórnendum Pokasjóðs við úthlutunina í dag.
Ljósmynd/Brynjar Gauti

Pokasjóður úthlutaði 5. júní s.l. 71 milljón króna í áttatfu og tvö verkefni við hátíðlega athöfn í Salnum í Kópavogi. Lögð var áhersla á að styrkja verkefni á sviði umhverfismála, menningar, mannúðar, íþróttar og útivistar um allt land.

Stuðningur við verkefni fyrir börn og unglinga er áberandi að þessu sinni, en samtals er 20 milljónum króna úthlutað til fjölbreyttra úrræða á því sviði. Styrkir til umhverfismála nema tæpum 38 milljónum króna. Frá upphafi hefur Pokasjóður úthlutað um 1.300 milljónum króna, segir í fréttatilkynningu frá sjóðnum.

Annað ár í röð hefur Pokasjóður styrkt starfsemi Hjartaheilla sem hefur mikið að segja fyrir samtökin þar sem þau hafa staðið fyrir mælingum á blóðfitu- og blóðþrýstingi án endurgjalds um allt land og stuðningur Pokasjóðs því mikilvægur.

Það er ljóst að þessar mælingar Hjartaheilla hafa mest gildi fyrir þá sem mælast mjög háir þ.e. blóðfitu 7 og yfir eða með háan blóðþrýsting. Mörgum hefur verið vísað til læknis beint í kjölfarið á mælingunum og það er ljóst að það hefur bjargað

heilsu og lífi einhverra. Þannig hafa mælingarnar gildi sem 2. stigs forvörn sem nær að leita uppi fólk sem er í áhættu fyrir hjartasjúkdóma eða sem hefur þróað með sér ákv. áhættuþætti þeirra.

Hjartaheill stendur frammi fyrir því hvað er framkvæmanlegt á vegum samtaka sem byggja á sjálfbodavinnu og velvilja og því hvað væri æskilegt og bæri að stefna að. Það er von Hjartaheilla að hægt verði að halda áfram að mæla hjá einstaklingum blóðfitu- og þrátt fyrir niðurskurð styrkja á vegum hins opinbera til rekstrar hjá samtökunum. Er því stuðningur Pokasjóðs mikilvægur liður í því að samtökin haldi sjó í viðleitni sinni að byggja upp öflugt forvarnarskaf gegn hjartasjúkdómum.

Að Pokasjóði standa 160 verslanir um land allt, matvöruverslanir, vinnubúðir og sérvöruverslanir. Pokasjóður fær tekjur sínar af sölu plastburðarpoka í þessum verslunum. Formaður stjórnar Pokasjóðs er Bjarni Finnsson.





Hjartaheill og Oddfellow

Þann 12. apríl, 2012 mættu fulltrúar Hjartaheilla til að mæla blóðfitu og blóðþrýsting bræðra í stúkunni nr. 20, Baldri í Oddfellowreglunni. Stúkan er með aðsetur í Vonarstræti í Reykjavík. Á eftirfundi var starfsemi Hjartaheilla kynnt í máli og myndum.

Stúkubræður í Baldri voru fulltrúum Hjartaheilla mjög þakklátir fyrir framtakið og var samtökunum afhent þakkarbréf í því tilefni.



Þökkum eftirtöldum aðilum góðan stuðning

Reykjavík

A. Margeirsson ehf.
AB Varahlutir ehf.
Adamsson ehf., arkitektastofa
Aðalheiður Jónsdóttir tannsmíðameistari
Aðalvík ehf.
AM Tours ehf.
Antik-húsið ehf.
Arctica Finance ehf.
Argos ehf.- Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkinn ehf, ráðgjöf og hönnun
Arkitektastofan OG ehf
Art-x fiber ehf.
ASK Arkitektar ehf.
Atvinnuhús ehf., fasteignasala
Augað, gleraugnaverslun í Kringlunni
Auglýsingastofan ENNEMM ehf.
Auglýsingastofan Hvíta húsið ehf.
Auglýsingastofan Korter
Austri ehf.
Áman ehf.
Árbæjarapótek ehf.
Árni Reynisson ehf.
Ásbjörn Ólafsson ehf.
B. Árnason byggingaþjónusta ehf.
B. Ingvarsson ehf.
B.B.P. verktakar ehf.
B.J. endurskoðunarstofa hf.
B.M. Vallá ehf

Bakkavör Group hf.
Bakkus ehf.
Bananar ehf.
Bandalag Íslenskra Farfugla
Básfell hf.
Bernhöftsbakarí ehf.
Best Western Hótel Reykjavík
Betra púst ehf.
Bifreiðasmiðja G & Ó sf.
Bifreiðastillingar Nicolai
Bifreiðaverkstæði Grafarvogs ehf.
Bifreiðaverkstæðið Bíltak
Birgir Dagfinnsson
Bílahlutir ehf.
Bílalind ehf.
Bílalíf, bílasala Kletthálsi
Bílamálun Halldórs Þ. Nikulássonar sf
Bílasalan bíll.is
Bílasmiðurinn hf.
Bílaverkstæði Jóns T. Harðarsonar
Bílfang ehf
Blaðamannafélag Íslands
Blikksmiðurinn hf.
Boði ehf. Stimplagerð
Boreal ehf., ferðaþjónusta
Borgarbrós ehf.
Bortækni ehf.
Bókavirkið ehf.
Bókhaldsþjónustan Viðvík ehf.

Bókhaldsþjónustan Vík ehf.
Bólstrarinn
Bólstrun Ásgrims ehf.
Bólsturverk sf.
Bón-Fús
Brekuborg, tannsmíði
Breyting ehf., byggingaþjónusta
Brim hf.
BSI Bifreiðarverkstæði ehf.
BSR ehf.
BSRB
CATO lögmenn ehf.
Cetus ehf.
Congress Reykjavík, ráðstefnuþjónusta
D&C ehf.
Dalbær sf.
Danfoss hf.
Danica sjávarafurðir ehf.
Datatech ehf.
Demantar ehf.
Dúkarinn Óli Már
Dýrheimar sf. - Royal Canin
E. Wang Tannlækningar ehf.
E.F. Ben ehf.
Efling stéttarfélag
Eignamiðlunin ehf.
Eignaskipting ehf.
Einar Jónsson Skipaþjónusta
Ellen Ingvadóttir lögg.dómtulkur og skjalþýðandi



Hjartalausnir í Heilsuborg

Um þessar mundir er Heilsuborg í Faxafeni að fara á stað með þjálfunarhóp fyrir einstaklinga sem eru að glíma við hjartavandamál. Hér getur verið um að ræða einstaklinga með kransæðþrengingar, einstaklinga sem þurfa á viðhaldsþjálfun að halda eftir aðgerðir eða einstaklinga með einn eða fleiri áhættuþætti hjartasjúkdóma. Óskar Jón Helgason sjúkraþjálfari mun hafa umsjón með hópnum og höfðum við samband við hann til að fá frekari upplýsingar.

„Ég er afskaplega ánægður með þennan hóp, bæði er þetta er mjög skemmtilegur hópur að þjálfu og einnig fellur þessi hópur mjög vel að hugmyndafræði Heilsuborgar, en hún byggist á því að hjálpa fólki að gera hreyfingu að hluta af sínum lífsstíl“ segir Óskar. Óskar starfaði í 7 ár við hjartaendurhæfingu á Reykjalundi og var þar með hópþjálfun á hverjum morgni. „Það var afskalega góða byrjun á vinnudegi að stjórna hjartahóp í morgunsárið. Þetta voru fjörugir hópar, mörg gullkorn flugu í bland við svitadropa, þegar menn ræddu landsins gagn og nauðsynjar á sama tíma og tekið var vel á. Þessa stemningu er ég að vona að takist að endurskapa í Heilsuborg. Ég hef þá kenningu að ef fólk á að endast í líkamsþjálfun þá verði fólk að hafa gaman af henni. Eitt af megin markmiðunum verður því að fólk finni þjálfunarform sem það hefur ánægju af og getur gert að sínu til framtíðar“.

Nýi hópurinn hefur hlotið nafnið Hjartalausnir og er það í takt við aðrar lausnir sem boðið er upp á innan heilsuskóla Heilsuborgar. Hópurinn verður settur upp sem átta vikna námskeið. Í upphafi fara allir þátttakendur í heilsumat þar sem úttekt er gerð á stöðu á ýmsum heilsufarslegum þáttum. Þar eru þættir eins og næring, líkamsþyngd, streita, blóðfita, blóðþrýstingur og svefn skoðaðir. Einnig er einstaklingsviðtal hjá sjúkraþjálfara þar sem kennt er á tækin og geta hvers og eins kortlögð.

Þjálfunin sjálf er byggð þannig upp að tvisvar í viku eru þjálfunartímar í hópum en svo er ætlast til að þátttakendur bæti við þriðja skiptinu sjálfir og er það gert í samráði við þjálfarann. Þetta er gert til þess að þátttakendur hafi í lok námskeiðsins fundið sína leið til þess að þjálfu áfram hvort sem það er með áframhaldandi þjálfun í Heilsuborg eða þjálfun áfram undir eigin stjórn.

Innifalið í námskeiðinu eru fimm fræðslufyrirlestrar þar sem Helgi Óskarsson hjartalæknir, Erla Gerður Sveinsdóttir læknir, Sigrún Ása Þórðardóttir sálfræðingur, Fjóla Dröfn Guðmundsdóttir næringarfræðingur og Óskar sjúkraþjálfari fjalla um ýmsa þætti sem tengjast hjartasjúkdómum.





Göngudeild **kransæðasjúklinga**

Göngudeild kransæðasjúklinga hóf starfsemi sína á Landspítalanum árið 2004 og var stofnuð af hjúkrunarfræðingum hjartadeildarinnar. Þegar ákveðið var að loka göngudeildinni síðast liðið sumar ákváðu Hildur Rut Albertsdóttir og Sólveig Helga Ákadóttir, hjúkrunarfræðingar, að halda starfsemi hennar áfram á nýjum stað í Læknasetrinu í Mjódd. Hildur Rut og Sólveig Helga útskrifuðust frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands árið 2007 og hafa unnið á hjartadeildum Landspítalans síðan. Þær hafa einnig báðar lokið viðbótarnámi, Hildur Rut útskrifaðist með masterspróf frá hjúkrunarfræðideildinni árið 2010 og Sólveig Helga með diplóma í Lýðheilsuvísindum árið 2012.



Hildur Rut



Sólveig Helga

Markmið Göngudeildar kransæðasjúklinga

Á Göngudeild kransæðasjúklinga er unnið eftir klínískum leiðbeiningum um forvarnir gegn kransæðasjúkdómum. Rannsóknir sýna að draga megi úr framvindu kransæðasjúkdóma með því að draga úr áhættuþáttum þeirra sem greinst hafa með sjúkdóminn. Einnig benda rannsóknir til þess að stuðningur fagaðila við að takast á við áhættuþætti eins og reykingar, mataræði og hreyfingu, samfara stjórnun á blóðþrýstingi, kólesteróli og blóðsykri, geti dregið úr alvarleika sjúkdómsins og dauðsföllum hjá sjúklingum með kransæðasjúkdóm.

Fyrir hverja er Göngudeild kransæðasjúklinga?

Göngudeild kransæðasjúklinga er fyrir einstaklinga sem eru með kransæðasjúkdóm. Þar er veitt fræðsla um sjúkdóminn og stuðningur við að breyta lífnaðarháttum og takast á við veikindin. Göngudeild kransæðasjúklinga er viðbót við sjúkraþjálfun og hópfræðslu sem öllum kransæðasjúklingum stendur til boða á Landspítalanum og er hluti af heildrænni hjartaendurhæfingu. Einnig stendur mökum kransæðasjúklinga til boða að sækja göngudeildina.

Hvernig fer starfsemi Göngudeildar kransæðasjúklinga fram?

Viðtölin eru einstaklingsviðtöl, þar sem veitt er fræðsla um sjúkdóminn og einkenni hans. Farið er yfir áhættuþætti og veitt fræðsla og stuðningur við að draga úr áhrifum þeirra. Farið er yfir hjartalyf og verkun þeirra auk þess sem fylgst er með þáttum eins og blóðþrýstingi, púls og þyngd. Einnig er andleg og líkamleg liðan metin og veittur stuðningur og ráðgjöf eftir því sem við á. Að breyta lífnaðarháttum er ekki alltaf auðvelt og þeim gengur betur að breyta lífnaðarháttum sínum sem fá fræðslu og stuðning yfir lengri tíma. Mælt er með því að kransæðasjúklingum sé veitt hjartaendurhæfing sem inniheldur þjálfun, einstaklingshæfða fræðslu og eftirfylgd yfir lengri tíma til þess að auka líkur á að þeir nái meðferðarmarkmiðum sínum.

Þegar einstaklingar ná að breyta lífnaðarháttum sínum og draga úr áhættuþáttum er hægt að bæta árum við lífið! Einstaklingar ráða sjálfir hvaða lífnaðarháttum þeir breyta og fá fræðslu og stuðning í viðtölum.

Allir sem vilja fræðast um kransæðasjúkdóminn og fá stuðning við lífsstílsbreytingar eru velkomnir. Hægt er að hafa samband við Læknasetrið og bóka viðtal.

Heilbrigður lífsstíll

- Reykleysi
- Hreyfing í 30 mínútur á dag
- Borða 5 skammta af grænmeti og ávöxtum á dag
- Borða gróft brauð og kornmeti daglega
- Borða fisk 2-3 máltíðir á viku
- Borða minna af kjöti, feitmeti og feitum mjólkurvörum
- Vera í kjörþyngd og léttast ef yfirþyngd/ofþyngd
- Fylgjast með blóðþrýstingi
- Forðast streitu
- Neyta áfengis í hófi
- Mæta reglulega í eftirlit
- Taka lyfin eins og ráðlagt er

112 LÖGREGLA
SLÖKKVILIÐ
SJÚKRALIÐ


icepharma
Bætt líðan • Betra líf


FASTEIGNASALA
- heilshugar um þinn hag -
Sími 513 4300



Gildi forvarna

Rannsóknir Hjartaverndar á fyrirbyggjanlegum sjúkdómum og afleiðingum þeirra



Aukin lífslengd

Við stöndum nú frammi fyrir þeirri ánægjulegu staðreynd að lífslíkur Íslendinga hafa aukist umtalsvert og eru í dag með þeim lengstu í heimi. Almenn er talið að meginástæðan sé betri heilsa og bætt lífskjör.

Þessi þróun hefur ekki verið samfelld, því fljótlega uppúr 1960 stöðvaðist aukning á lífslíkum karla og kvenna á Íslandi, líkt og annars staðar á Vesturlöndum. Aðalástæðan fyrir þessu voru ótímabær dauðsföll vegna kransæðastíflu. Þeirri þróun var hins vegar snúið við með sameiginlegu átaki fagfólks, leikmanna og stjórnmálamanna. Árangurinn af þessu samstarfi og sameiginlega átaki til bætts lífsmynsturs endurspeglast í þeirri staðreynd að frá árunum 1981 til 2006 varð fækkun dauðsfalla um áttatíu prósent vegna kransæðastíflu hjá fólki yngra en sjötíu og fimm ára.

Mikilvægi fræðslu og áróðurs

Nýlega greindu vísindamenn Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar frá þeim þáttum sem skýra þessa fækkun dauðsfalla. Í ljós kom að meira en sjötíu prósent af skýringunum lágu í breyttum lífsstíl landsmanna. Hér var fyrst og fremst um lækun kolesteróls, lækun blóðþrýstings, minnkun reykinga og aukna hreyfingu fólks utan vinnu að ræða. Þetta sýnir ótvírætt að unnt er að hafa heillavænleg áhrif á heila þjóð með fræðslu og áróðri sem nær til fólks. Þetta er megin ástæða þeirra auknu lífslíka sem við búum við í dag.

En hvað þýðir þetta í raun?

Næstu þrjá áratugi mun einstaklingum eldri en sextíu og fimm ára fjölga úr fjörutíu þúsund yfir í nærri níutíu þúsund árið 2042. Til að íslenskt samfélag og ekki síst íslenskt heilbrigðiskerfi geti blómstrað þá er brýnt að sofna ekki á verðinum og vinna enn markvissara að því að seinka eða koma í veg fyrir æðasjúkdóma og afleiðingar þeirra, sem eru fyrst og fremst áföll eins og hjartaáföll og heilaáföll. Allmargir látast ótímabært vegna slíkra áfalla en Hagstofa Íslands skilgreinir ótímabær dauðsföll þau sem verða fyrir sjötíu og fimm ára aldur. Langflest ótímabær dauðsföll hafa orðið og verða vegna hjarta- og æðasjúkdóma. Reyndar má leiða að því rök að aldur sé ekki það eina sem eigi að miða við þegar rætt er um ótímabær dauðsföll. Frekar sé nær að hafa inni í þeirri skilgreiningu þá sjúkdóma þar sem unnt er að beita fyrirbyggjandi aðferðum til að seinka þróuninni og jafnvel koma í veg fyrir afleiðingar sjúkdómsins sem eru áföllin sem draga einstaklingana til dauða. Við skulum þó ekki gleyma að stór hluti einstaklinganna lifir af áföllin og þá ekki bara þeir sem yngri eru.

Meira en sextíu prósent af öldruðum lifa af hjartaáföllin. Það að lifa af áfall er yfirleitt ekki án afleiðinga. Allt að helmingur af þeim sem lifa af hjartaáföll munu þróa með sér hjartabilun sem er alvarlegur sjúkdómur. Þeir sem verða fyrir því lifa yfirleitt við verulega skert lífsgæði, óþægindi, jafnvel þjáningar og aukin fjárútlát. Afleiðingar heila- og hjartaáfalla hafa einnig aukinn kostnað í för með sér fyrir þjóðfélagið.



Nýleg rannsókn með segulómun af hjarta hjá þátttakendum á aldrinum 67 – 93 ára í Öldrunarrannsókn Hjartaverndar sýndi að umtalsverður hluti einstaklinga bar merki um skemmdir í hjartavöðva, sem einungis sést eftir lokun á kransæð sem leitt hefur til hjartaáfalls. Þannig leiddi rannsóknin í ljós að fyrir hvern einstakling sem hafði fengið hjartaáfall sem hafði verið greint og meðhöndlað fundust nærri 2 aðrir sem höfðu einnig fengið hjartaáfall en höfðu ekki hugmynd um áfallið. Flestir þeirra sem spurðir voru mundu ekki eftir neinu sérstöku en einhverjir mundu eftir óljósum einkennum, jafnvel flensulíkum einkennum oft með einhverjum óþægindum yfir brjóstið. Hjartaáfallið hafði þannig farið framhjá þeim án þess að þeir hefðu áttað sig á að eitthvað væri að. Það er því rétt að brýna fyrir fólki að hika ekki við að leita til læknis ef þeir hafa einhver einkenni sem gætu verið frá hjarta og allt heilbrigðisstarfsfólk vill frekar sjá of marga en of fáa þegar kemur að hugsanlegu hjartaáfalli. Það kom einnig í ljós að þeim sem höfðu fengið þessi þöglu hjartaáföll farnaðist verr heldur en þeim sem engin áföll höfðu fengið. Þannig höfðu um 30% þeirra sem höfðu fengið hjartaáfall látist 6 árum eftir að rannsóknin var gerð. Dánartíðnin var hins vegar um 17% hjá þeim sem ekki höfðu fengið hjartaáfall. Þessi rannsókn sýnir hversu lúmskir hjarta- og æðasjúkdómar geta verið og hversu greining þeirra og forvarnir gegn áföllum eru snúnar.

Það er einnig athyglisvert að það var algengara hjá þeim sem höfðu sykursýki að hafa slíkt þöglu hjartaáfall en hjá þeim sem höfðu ekki sykursýki. Ekki er vitað nákvæmlega af hverju þetta stafar en vel þekkt staðreynd er að sykursýki tvöfaldar áhættuna á að fá hjartaáfall á hvaða aldri sem er. Þessi áhættuaukning virðist óháð öðrum áhættuþáttum eins og kólesterólhækkun eða háum blóðþrýstingi, þótt vissulega séu hefðbundnir áhættuþættir oft óhagstæðari hjá sykursjúkum. Vísindamenn Hjartaverndar sýndu fram á það nýverið að meðferð hjá sykursjúkum öldruðum einstaklingum með blóðfitulækkandi lyfjum ruddi burt þessari auknu áhættu á hjartaáföllum og færðu áhættuna á að deyja til jafns við það sem sést hjá öldruðum sem aldrei hafa haft sykursýki. Við skulum heldur ekki gleyma því að sykursýki eftir 65 ára aldur er mun algengari en fyrr á ævinni og rannsóknir Hjartaverndar sýna einnig fram á að ógreind sykursýki er ekki óalgeng. Það er því brýnt að finna og meðhöndla þá sem hafa sykursýki.

Af ofansögðu má leiða að því líkur að vert sé á öllum aldri að huga að þeim þáttum sem stuðla að hjarta- og æðasjúkdómum og afleiðingum þeirra. Besta ráðið er að lifa heilbrigðu lífi, t. d. að reykja ekki, hreyfa sig og gæta hófs í mat og drykk. Það minnkar líkurnar á að fá áföll og einstaklingar sem hafa tamið sér heilbrigðan lífsstíl eru líklegri til að vera með heilbrigðara æðakerfi og betur undirbúnir fyrir aukinn aldur. Samt virðist það svo að sumir einstaklingar eru í meiri áhættu að þróa með sér hjarta – og æðasjúkdóm.

Hjartavernd hefur síðan 1967 staðið fyrir Reykjavíkurrannsókn Hjartaverndar. Sú rannsókn er undirstaðan fyrir áhættureikni Hjartaverndar sem er aðgengilegur á vef Hjartaverndar www.hjarta.is/ahættureiknir en hann reiknar líkindi einstaklingsins á því að fá hjartaáfall á næstu tíu árum miðað við meðaláhættu jafngamals einstaklings af sama kyni. Þessi áhættureiknir er fyrir aldurstímabilið 35 – 75 ára. Með notkun hans er hægt að sjá hversu mikið áhætta einstaklingsins breytist við breytingu á áhættuþáttum eins og því að hætta að reykja eða með því að lækka kólesterólið. Þessi áhættureiknir er ekki eins gagnlegur fyrir þá sem eru eldri en 75 ára en á þeim aldri er mun skynsamlegra að reyna að sjá fyrir hverjir það eru sem á allra næstu árum hafa auknar líkur á að fá áföll. Hjartavernd hefur því unnið að þróun áhættureiknis fyrir þennan aldurshóp út frá niðurstöðum Öldrunarrannsóknar Hjartaverndar en hún er ein umfangsmesta rannsókn sinnar tegundar í heiminum.

Þessi ný áhættureiknir mun notast við allt annað tímaviðmið en áður hefur tíðkast. Hann mun því geta spáð fyrir um hjarta- og heilaáföll innan mun styttri tíma en þekkt hefur hingað til. Þannig verður unnt að sjá líkur á áfalli næsta árið eða á næstu árum með greiningu þátta sem jafnvel má hafa áhrif á og á þann hátt fá hugsanlega tækifæri til að koma í veg fyrir heila og/eða hjartaáföll.

Markmiðið er að þessi ný áhættureiknir verði nýtanlegur öllum læknum en einkum þó innan heilsugæslunnar þar sem frumforvarnir fyrir alla aldurshópa eru á heimavelli.

Starfsfólk Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar vill nota tækifærið og þakka innilega fyrir ómetanlegan stuðning landsmanna við starfsemi sína en án þessa stuðnings væri ofangreind þekking ekki orðin að veruleika.

Hugum að forvörnum sjúkdóma og fyrirbyggjanlegra áfalla á öllum aldursskeiðum.

Er þitt hjarta í góðum höndum?

Hjartalausnir henta einstaklingum sem hafa einn eða fleiri áhættuþætti hjartasjúkdóma, eru með kransæðaprengingu eða hafa fengið hjartaáfall og vilja gera reglulega þjálfun að hluta að sínum lífsstíl til framtíðar.



- 8 vikur – Hefst 6. nóvember
- Þri og fim kl. 07:00
- Þjálfun, fræðsla, einstaklingsviðtal og þjálfunaráætlun.
- Verð kr.19.900 á mán. (samtsals 39.800)
- Þjálfari: Óskar Jón Helgason, sjúkrþjálfari
- Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010



HEILSUBORG



Aðalfundur Hjartaheilla,

haldinn laugardaginn 20. október 2012

í Hringssalnum, Barnaspítala Hringsins.

Skýrsla stjórnar.



Þau þrjú ár sem liðin eru frá síðasta aðalfundi okkar hefur starf samtakanna verið með hefðbundnum hætti. Stjórnin hefur haldið þrjá til fjóra fundi á ári og svo hafa verið haldnir tveir formannafundir, sá fyrri að Sólheimum í Grímsnesi, 16. október 2010 og sá seinni í Reykholti í Borgarfirði, 3. september 2011.

Skrifstofuhald samtakanna hefur verið með óbreyttum hætti, fastir starfsmenn hafa verið Ásgeir Þór Árnason, framkvæmdastjóri, og Guðrún Bergmann, fulltrúi. Þeim vil ég þakka afar gott samstarf, svo og traust og farsælt starf í þágu samtakanna og félagsmanna allra. Einnig vil ég þakka varaformanni og gjaldkera, svo og Kjartani Birgissyni fyrir margvísleg sjálfbærðastörf. Ég hef reynt að mæta á skrifstofunni einu sinni í viku og auk þess tekið þátt í ýmsum verkefnum með okkar ágæta starfsfólki.

Nú eru í gangi miklar endurbætur og breytingar á húsnæði SÍBS í Síðumúlanum. Er þar m.a. gert ráð fyrir forvarnarmiðstöð með þjónustu hinna ýmsu sérfræðinga og höfum við hjá Hjartaheill ekki síst átt frumkvæði að þeirri hugmynd og lagt mikla áherslu á að fylgja henni eftir.

Við höldum áfram að gefa út blaðið okkar VELFERÐ. Þórir S. Guðbergsson lét af ritstjórarstarfinu um áramótin 2010 og 2011 og eru honum færðar bestu þakkir fyrir störf í þágu samtakanna. Þá var ákveðið að ræða við önnur samtök innan SÍBS um

hugsanlega sameiginlega blaðaútgáfu fyrst þarna voru ákveðin þáttaskil. Svipað var einnig ástatt með SÍBS-blaðið þar sem Pétur Bjarnason var einnig að láta af störfum sem ritstjóri blaðsins. Héldum við tvo sameiginlega fundi þar sem mál þessi voru rædd en fljótt varð ljóst að ekki væri áhugi á slíkri sameiningu og hugsanlegri útgáfu eins blaðs í nafni allra samtakanna. Var því umræða þessi felld niður og við hófum leit að nýjum ritstjóra. Við þurftum ekki að leita lengi þar sem varaformaðurinn okkar, Sveinn Guðmundsson, var fánægur til að taka þetta verkefni að sér

Nú er unnið að næstu útgáfu fræðslubæklingsins „Hjartasjúkdómar, varnir, lækning, endurhæfing“. Verður þessi útgáfa nokkuð breytt þar sem ákveðið var að hætta útgáfu Hjartahandbókarinnar og koma nauðsynlegu efni úr henni inn í nýja bæklinginn. Verður hann síðan afhentur öllum þeim sem gangast undir hjartaaðgerðir.

Hjartaheill hafa á þessum árum haldið áfram að fara kynningar- og mælingaferðir um landið. Á s.l. ári var farið um Suðurlandið þar sem mældir voru 346 einstaklingar á 8 stöðum. Snemma á þessu ári var svo farin mælingaferð um Suðurnesin. Þar voru 333 einstaklingar mældir á 6 stöðum. Í vetur eru fyrirhugaðar mælingar á höfuðborgarsvæðinu. Ferðir þessar hafa ávalt tekist afar vel og mælst vel fyrir, fjöldi manna verið mældur og skoðaður og margir fengið mikilvægar upplýsingar, jafnvel aðvaranir, sem ekki hefðu mátt dragast lengur, og er því



gagnsemi ferðanna ótvíræð. Mælingar hafa einnig farið fram í Síðumúlanum og hefur fjölmenni verið svo mikið að biðraðir hafa myndast út á götu. Við megum því ekki láta deigan síga á þessu sviði. Mælingarnar hafa allar verið gerðar í góðu samstarfi við heilsugæslustöðvar á viðkomandi stöðum og eru þeim, sem starfað hafa með okkur að verkefninu á hverjum stað, hér með færðar bestu þakkir. Þá má einnig geta þess að nú er að hefjast sérstakt rannsóknarverkefni varðandi þessar mælingar í samstarfi við Oddfellow-regluna, SÍBS og Landspítalann.

Að undanförunu hafa Hjartaheill tekið þátt í verkefni sem hlotið hefur starfsheitið „Annað líf“. Er þar fjallað um málefni líffæragjafa og líffæraþega og áhersla lögð á að ná fram breytingu á lögum um líffæragjafir þannig að meginreglan verði „ætlað samþykki“. SÍBS hefur leitt þessa vinnu en okkar fulltrúi í hópnunum hefur verið Kjartan Birgisson.

Árið 2008 var merkisár í sögu samtakanna þar sem 25 ár voru liðin frá stofnun þeirra. Í tilefni af því tókum við þátt í kaupum á nýju hjartaþræðingartæki og setti verkefnið mark sitt á starf samtakanna allt það ár og fram á það næsta. Það tæki hefur svo sannarlega sannað gildi sitt en nú er orðin brýn þörf á að endurnýja elsta tækið sem komið er langt fram yfir ætlaðan líftíma. Hefur okkur borist fyrirspurn um hvort samtökin séu reiðubúin til að leggja því máli lið. Á næsta ári verða samtökin 30 ára og þá er spurningin hvort við erum tilbúin í annað eins söfnunaráttak og við beittum okkur fyrir í tilefni 25 ára afmælisins?

Samtökin og einstök landshlutfélög hafa stöðugt verið að leggja heilbrigðisþjónustunni lið. Keypt var hjartastuðtæki fyrir kr. 300.000.- fyrir sjúkrahúsið á Neskaupstað, Akureyrarafélagið gaf heilsugæslunni þar hjartalínurita sem kostaði 1.5 millj. kr. og þá hafa Landspítalanum verið afhent 20 sjónvörp á stofur og húsgögn í aðstandendaherbergi á hjartadeildinni. Endurmenntunarsviðið spítalans var gefinn endurlífgunarbúnaður til kennslu fyrir tæpar 2 millj. kr. og hjartahjúkrunarfræðingar hafa verið styrktir til að sækja námskeið erlendis. Loks má nefna að við styrktum Hjartavernd vegna kaupa á ómtæki með 5.6 millj. kr. Samtals má telja að gjafir þessar nemi nær 15 millj. kr. á þessu ári frá samtökunum og einstökum deildum. Eru þá ótaldir styrkveitingar og tækjakaup Neistans, sem m.a. tengdust söfnuninni „Á allra vörum“ á s.l. ári og námu um 35 millj. kr. Samtals munu styrkveitingar og gjafir Hjartaheilla frá upphafi nema nær 250 millj. kr. á verðlagi hvers árs þannig að öllum má ljóst vera hversu þýðingarmikil starfsemi samtakanna er fyrir heilbrigðisþjónustuna í landinu. Í tengslum við þessar gjafir og styrkveitingar höfum við lagt áherslu á það við heilbrigðisstarfsfólkið, að það leggi okkur lið við að kynna samtökin og fjölga félagsmönnum, því ljóst er að styrkur samtakanna og möguleikar þeirra til að láta gott af sér leiða felast ekki síst í fjölda félagsmanna.

Á undanförunum árum höfum við átt gott samstarf við Alþingi. Við höfum fengið mikilvægan stuðning á fjárlögum, bæði til félagsstarfsins og einnig til einstakra sérverkefna s.s. mælingaverkefnisins og útgáfu- og fræðslustarfs. Nú hefur hins vegar orðið sú breyting á að styrkveitingarnar hafa verið fluttar frá Alþingi og inn í Velferðarráðuneytið. Vonumst við eindregið til að fá áfram að njóta þessa stuðnings því enn eru blikur á lofti varðandi fjárhagsstöðu samtakanna og skiptir þessi opinberi stuðningur sköpum ef okkur á að takast að halda áfram óbreyttri starfsemi.

Við höfum einnig reynt að eiga sem best samstarf við velferðarráðuneytið. Þann 17. ágúst í fyrra áttum við fróðlegan

og gagnlegan fund með ráðherra. Áður höfðum við Ásgeir fengið fund með þeim fulltrúum ráðuneytisins sem fjalla um lyfjamál. Á fundinum með ráðherra fór um við einnig yfir lyfjamálin en ræddum síðan ýtarlega um störf, stefnu og hlutverk Hjartaheilla og hvernig heilbrigðisþjónustan og ráðuneytið gætu nýtt sér betur samstarf við okkur á sviði fræðslu og forvarna. Var m.a. rætt um næringu, offitu, hreyfingu, tóbaksvarnir o.fl. Þar gæti væntanleg forvarnarmiðstöð í SÍBS-húsinu gegnt lykilhlutverki. Þá ræddum við um nauðsyn þess að endurnýja sem allra fyrst elsta hjartaþræðingartækið. Loks ræddum við um líffæraígræðslur og líffæragjafir.

Samstarf okkar við Hjartavernd og Heilaheill hefur gengið vel. Hluti af þessu samstarfi var tengt Alþjóðlega hjartadeginum og fræðslu- og kynningarátak, svo kallað „Go-Red“-verkefni sem helgað er konum og hjartasjúkdómum. Sérstakur Go-Red dagur var haldinn í Smáralindinni í febrúar 2011 og svo aftur í Perlunni í febr. s.l. og mætti þar fjöldi fólks til að hlýða á fræðslu- og skemmtiefni auk þess sem um 500 konur fengu mælingu á blóðþrýstingi. Var ákveðið að halda samvinnunni áfram og er nú fyrirhugaður fundur með fulltrúum Hjartaverndar um nánara samstarf.

Ekki er hægt að ljúka þessari skýrslu án þess að fara nokkrum orðum um fjármál samtakanna. Á síðasta ári hlotnaðist okkur myndarlegur arfur sem styrkti mjög félagsstarfið og gerði okkur kleift að veita heilbrigðisþjónustunni þann stuðning sem hér hefur verið greint frá. Jólakortasalan skilar fremur litlum tekjum og að undanförunu höfum við ekki lagt í að vera með sölu happdrættismiða. Það eru því fyrst og fremst árgjöld félagsmanna og söfnunarbaukarnir okkar, - en þeir skila umtalsverðum tekjum, - sem ásamt hinum opinbera stuðningi heldur félagsstarfi okkar gangandi. Þarf að huga vel að þessum málum á næstunni og leita allra leiða til að styrkja fjáröflun samtakanna ef okkur á að takast að halda úti óbreyttri starfsemi. Arfgjafir geta haft verulega þýðingu, eins og dæmin sanna, og vitað er að systursamtök okkar í nágrannalöndunum hafa af slíku umtalsverðar tekjur.

Að lokum vil ég nefna að samtökin okkar þyrftu að vera öflugri og meira áberandi. Okkur hefur reynst nokkuð erfitt að halda uppi virku starfi í landshlutféldum samtakanna og að fá fólk til að gefa kost á sér til trúnaðarstarfa. Til að reyna að bæta úr þessu og gera samtökin skilvirkari eru lagðar fyrir þennan aðalfundur tillögur um breytingar á lögum félagsins. Má e.t.v. segja að um ný lög sé að ræða. Tillögunar hafa verið ræddar á mörgum stjórnarfundum, á formannafundi og síðan sendar út til allra stjórnarmanna og formanna deildanna í sumar og hafa því fengið góðan undirbúning og mikla umfjöllun.

Prír stjórnarmenn sem setið hafa um árabíl í stjórn Hjartaheilla hafa nú óskað eftir að láta af þessum trúnaðarstörfum. Það eru þau Gísli J. Júlíusson, Ingibjörg Magnúsdóttir og Jónas Jóhannsson. Vil ég þakka þessu heiðursfólki fyrir afar gott samstarf og óeigingjarnt og fórnfúst starf í þágu samtaða okkar.

Ég vil loks hvetja ykkur öll, ágætu félagsmenn, sem hér eruð mætt og eruð kjarninn í félagsstarfinu, til að leggja samtökunum allt það lið sem þið getið og reyna eftir fremsta megni að efla starfið og fá fleiri einstaklinga til liðs við okkur. Það eykur kraft og þrótt samtakanna í heild og gerir Hjartaheill færari um að sinna sínu mikilvæga þjónustuhlutverki í þágu félagsmanna sinna og skjólstaðinga.

Stöndum saman og eflum samtökin okkar til enn frekari dáða !

(Skýrslan birtist hér nokkuð stytta en upprunalega útgáfu má finna á heimasíðu Hjartaheilla)



Margir fá **kransæðastíflu** án þess að hafa **hugmynd** um það



Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar. Mynd/E.Ól

Svakölluð þögul hjartaáföll eru stærra vandamál en áður hefur verið talið. Þetta leiðir ný rannsókn, sem unnin var hér á landi, í ljós.

Flestir kunna að telja að kransæðastíflu fari ekki framhjá þeim sem í slíku lenda en þöglar kransæðastíflur eru þó tvöfalt algengari á meðal eldra fólks og hafa alvarlegar afleiðingar. Þetta kemur fram í rannsókn sem fjallað er um í nýjasta hefti The Journal of American Medical Association. Rannsóknin var unnin hér á landi en tæplega þúsund Íslendingar tóku þátt í henni. Hjartavernd kom að rannsókninni en þar er Vilmundur Guðnason forstöðulæknir.

„Hún leiðir í ljós að fyrir hvern einstakling sem hefur fengið kransæðastíflu og veit af því eru tveir sem hafa ekki hugmynd um að þeir hafa fengið kransæðastíflu," segir Vilmundur.

Vilmundur segir ljóst að þögul hjartaáföll af þessu tagi séu alveg jafnhættuleg og áföll þar sem sjúklingurinn hefur verið lagður inn á sjúkrahús.

„Það sem er kannski mest um vert er að um þrjátíu prósent af þessum einstaklingum hafa látist á þessum sex árum miðað við ef maður ber saman við þá sem hafa ekki fengið kransæðastíflu, það eru innan við tuttugu prósent," segir Vilmundur.

Þeim sem glíma við sykursýki er sérstaklega hætt við að fá þögul áföll af þessu tagi en Vilmundur segir ekki fyllilega ljóst hvernig stendur á því.

„Oft þegar maður ræðir við fólk þá man það eftir að hafa fengið sérstaklega slæma flensu eða eitthvað svoliðis og það áttar sig bara ekki á einkennunum," segir Vilmundur.

Hann brýnir því fyrir fólki að hika aldrei við að leita til læknis.

„Ef að fólk er með einhver einkenni, þyngsl fyrir brjósti sérstaklega áreynslubundið, verk út í handleggi, þá á það ekkert að hika við að leita til læknis. Við viljum frekar sjá of marga en of fáa," segir hann.

Frétt úr Vísi. Gunnar Reynir Valþórsson.

ISNIC



HS ORKA HF



**INGILEIFUR
JONSSON**



**ICELAND
CONGRESS**
incentives & events




Íslandsbanki

Hvalur hf.



Kalla inn færri í hjartaþræðingu út af biluðu tæki



Hjartaþræðing á Landspítalanum.

Eitt af þremur hjartaþræðingartækjum Landspítalans við Hringbraut bilaði fyrir nokkru. Vilhelmina Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri lyflækningasviðs sjúkrahússins, segir að það hægist á því að sjúklingar séu kallaðir inn í aðgerðir á meðan ekki sé hægt að nota það.

Tækið er tæplega fimmtán ára gamalt en það bilaði þegar lampi fór í því. Vilhelmina segir í Morgunblaðinu í dag, að búið sé að

gera ráðstafanir og panta varahluti. Ekki sé búið við því að það taki langan tíma að koma tækinu aftur í gang.

Vilhelmina segir að það sé fyrst og fremst út af skorti á fjármagni sem ekki hafi verið hægt að endurnýja tækin hingað til. Nýtt hjartaþræðingartæki kosti 140-150 milljónir króna. Hin hjartaþræðingartækin tvö eru tíu og fjögurra ára gömul.

Heimild: mbl.is/Eggert





Pökkum eftirtöldum aðilum góðan stuðning

Endo ehf	Gümmibátar og gallar ehf.	Ísmar hf.
Endurskoðun og reikningshald ehf.	H og S byggingaverktakar ehf.	Ísold ehf, hillukerfi - www.isold.is
EON arkitektar ehf.	H ráðgjöf ehf.	Íspólar
Erluis	H:N - Markaðssamskipti ehf.	Ís-spor hf.
Ernst & Young	Haagensen ehf.	Íþróttafélagið Fylkir
Eyjalind ehf.	Halli Gullsmiður	J.E.Skjanni. byggingaverktakar ehf.
Eyrir Fjárfestingafélag ehf.	Hamborgarabúlla Tómasar Geirsgötu ehf	J.S. Gunnarsson hf.
Fanntófell hf.	Harka ehf.	JBS ehf. - Nonnabiti
Fasteignasalan Ásbyrgi ehf	Haukur Þorsteinsson tannlæknir	JGG ehf.
Fasteignasalan Garður	Hárgreiðslustofa Heiðu	Jóhannes Long ljósmyndari
Fasteignasalan Kjöreign ehf.	Hárgreiðslustofa Hrafnhildar	Jónatansson & Co., lögfræðiskrifstofa ehf.
Fasteignasalan Neseignir	Hárgreiðslustofan Gresika	JP Lögmenn ehf.
Faxaflóahafnir	Hársnyrtistofa Dóra	K. Norðfjörð ehf
Fást hf., heildverslun ehf.	Hársnyrtistofan Aida	K. og S. ehf.
Felgur-smiðja ehf.	Hársnyrtistofan Höfuðlausnir sf.	K. og S. sf
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	Háskólinn í Reykjavík	K. Pétursson ehf.
Félag tanntækna og aðstoðarfólks tanntækna	Heilsubrunnurinn ehf.	Kaffi Sólón
Félagsbústaðir hf.	Heimir hjá Höfuðborg, fasteignamiðlun	Kemibúðin ehf
Finka málningarverktakar ehf.	Heimsbilar ehf.	Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
Fjárfestingamiðlun Íslands ehf.	Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar	Kjörgarður
Fjárhagsþjónustan ehf.	Hilmar D. Ólafsson ehf.	Kjöthöllin Skipholti 70 ehf.
Fjölbrautaskólinn Breiðholti v. bókasafn	Hjálpræðisherinn á Íslandi	Knattspyrnusamband Íslands
Fjölís, Hagsmunasamtök	Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs	Kolka ehf.
Fjölur ehf.	Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns ehf.	KOM Almannatengsl, Höfðatorgi
Fold fasteignasala ehf.	Hljómsýn	Kr. St. lögmannsstofa ehf
Formprent	HM Bókhalld ehf	Kristján og synir, flutningar
Forum Lögmenn	HM Flutningar ehf.	Kristján P. Haraldsson
Frjó quatro ehf.	Hollt og Gott ehf.	KTF ehf
Frumherji hf.	Hópförðabílar Jónas Travel Group	Kúlan söluturn, vidoleiga og ísbúð
FS Flutningar ehf.	Hópförðaðjónusta Reykjavíkur	Kvikk þjónustan ehf.
G.Á. húsgögn ehf.	Hótel Cabin ehf.	Kælitækni ehf.
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.	Hótel Frón	Lagnalagerinn ehf.
G.S. Export ehf.	Hótel Leifur Eiríksson ehf.	Lakkrísgerðin Kólus
Gallabuxnabúðin Kringlunni	Hótel Óðinsvé	Landar ehf.
Gallerí Fold	Hreinsitækni ehf.	Landfestar ehf.
Garðmenn ehf.	Hreyfill	Landhelgisgæsla Íslands
Garðsapótek	Hreyfimyndasmiðjan ehf.	Landsnet hf.
Gámaþjónustan hf.	Hringrás hf.	Landssamband lögreglumanna
Gátun ehf.	HS Pípulagnir ehf.	Landssamtök lífeyrissjóða
Geir Guðjónsson	HSE Bókhalld ehf.	Lásaþjónustan ehf.
Geitarfell ehf. Vatnsnesi	Húsafríðunarnefnd ríkisins	Láshúsið ehf.
Gissur og Pálmi ehf.	Húsalagnir ehf.	Leiðtogaþjálfun ehf.
Gistiheimilið Thor	Húseign, fasteignamiðlun	Litir og föndur - Handlist ehf.
Glaxo Smith Kline ehf.	Hús-inn ehf.	Litsýn ehf.
Glerfinn ehf.	Höfði fasteignamiðlun ehf.	Lífstykkjabúðin ehf.
Gloss ehf.	IBH ehf.	Ljósmyndir Rutar
Glófaxi ehf. blíkksmiðja	Iceland Seafood ehf	Loftlinur ehf, jarðverktaki
Gluggahreinsun Davíðs G. Diego	Icelandic Group	Loftstokkahreinsun ehf.
Gnýr sf.	Iðnaðarlausnir ehf.	Læknasetrið ehf.
Grensásvideo ehf.	IÐNÓ	Lögmannafélag Íslands
Guðmundur Arason ehf. Smíðajárn	Innco ehf.	Lögmanskriststofa Kjartans Reynis Ólafssonar
Guðmundur Jónasson ehf.	Innnes ehf.	Lögmanskriststofa Ólafs G. Gústafssonar
Guesthouse Loki	InnX innréttingar ehf.	Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf.
Gull & silfur ehf.	ÍAV-þjónusta ehf	Lögskil ehf.
Gull- og silfursmiðjan Erna hf.	Ísbúð Vesturbæjar ehf.	Lögsýn ehf.
Gullsmiðurinn í Mjódd	Íshúsið ehf. - www.ishusid.is	Löndun ehf.
Gullsmíðaverkstæði Hjálmars Torfasonar	Íslensk endurskoðun ehf.	Margt smátt ehf.

Bronsleikar á alþjóðlega hjartadeginum




Bronsleikar ÍR fóru fram í Laugardalshöll þann 29. september, 2012. Þeir voru nú í fyrsta sinn hluti af hátíðarhöldunum í tengslum við alþjóðlega hjartadaginn. Það voru 170 sprækir krakkar 10 ára og yngri sem komu og spreyttu sig á fjölbreyttum þrautum. Fjöldi áhorfenda fylgdist með og hvatti krakkana óspart. Inná Facebooksíðu leikanna má sjá hvernig dagurinn gekk fyrir sig í höllinni. Ljósmynd var tekin af salnum á 8 sekúndna fresti allan tímann.

Nemendur á þjálfaranámskeiði hjá ÍSÍ fengu að koma og fylgjast með og prófa að vinna á stöðvum og fylgja hópum í gegnum þrautina.

Samhliða Bronsleikunum fóru Gunnar Páll Jóakimsson og Margrét Héðinsdóttir með hóp fólks í hjartadagsgönguna um Laugardalnum.

Meðal annars var komið við í gömlu þvottalaugunum og ein göngukvenna hafði reynslu af því sjálf að fara með þvottinn sinn í þvottalaugarnar og þvo hann þar og fara svo með hann aftur heim til að hengja upp til þerris. Gengið var í gegnum Fjölskyldu og húsdýragarðinn þar sem hluti göngumanna fylgdu með því þegar selirnir fengu að éta. Þegar við komum til baka fengu allir sem vildu ávexti í boði Neistans, styrktarfélags hjartveikra barna.

Frjálsíþróttadeild ÍR þakkar Hjartaheill, Hjartavernd og Neistanum, styrktarfélagi hjartveikra barna kærlega fyrir ánægjulegt samstarf í tengslum við Alþjóðlega hjartadaginn. Meistaraflokkur ÍR sá um framkvæmd mótsins og gerðu það með glæsibrag. Við þökkum þeim vel unnin störf.



PRENTSMÍÐJAN
VIÐEY

Sími 577 4646 - videy@videy.is



**Bilchúð
Benna**
— Sérfræðingar í bilum —



SJÓVÁ



www.linde-healthcare.is



OMRON
Blóðþrýstingsmælar

 **Heilbrigðisvörur**
við hlustum
Þjónustuaðili Omron á Íslandi
s: 512 2800

Þegar heilsan er annars vegar þá skipta gæði
tækisins mestu máli.

Omron blóðþrýstingsmælar fá hæstu einkunn í klínískum rannsóknum
og eru viðurkenndir af ESH, BHS og WHO.

Omron blóðþrýstingismælar fást í flestum apótekum.



Pökkum eftirtöldum aðilum góðan stuðning

Maritech ehf.
 Markaðsráð kindakjöts -
 Landsamband sauðfjárbænda
 Martec ehf. - Fiskvinnsluvélar
 Matborðið hf.
 Málarakompaníið ehf
 Málarameistarafélagið
 MD Vélar ehf.
 MEBA - Magnús E. Baldvinsson sf.
 Meistaralagnir ehf.
 Melaskóli
 Merking ehf.
 Merkismenn ehf.
 Minjavernd
 Mirage slf.
 Múrþjónusta Braga
 Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
 NASDAQ OMX Kauphöllin á Íslandi
 Neytendasamtökin
 Norfisk ehf.
 Nostra ræstingar ehf.
 Núi-Sirius hf.
 Nýi ökuskólinn ehf.
 Nýja kökuhúsið Kringlunni
 Nýja Vagnasmiðjan ehf.
 Obladí ehf.
 Orka ehf.
 Orkuvirki ehf.
 ÓG Bygg ehf.
 Óm snyrtivörur
 Ósal ehf.
 P & S Vatnsvirkjar ehf.
 Passion Reykjavík
 Páll V. Einarsson slf.
 Pelo hárstofa
 Perlan hf.
 PG Þjónusta ehf.
 Plastco hf.
 Plastpípur ehf.
 Poulsen ehf.
 Prentlausnir ehf.
 Prima Donna Hárgreiðslustofa ehf.
 Promennt
 R.J. Verkfræðingar ehf.
 Rafás ehf.
 Rafco ehf.
 Rafey ehf.
 Rafha ehf.
 Raflax ehf
 Rafmagn ehf.
 Rafneisti ehf.
 Rafstilling ehf.
 Rafstjórn hf.
 Rafsvið sf.
 Raftækjaþjónustan sf.
 Rafval ehf.
 Rakarastofan sf.

Rannsóknarþjónustan Sýni hf.
 RARIK hf.
 Ráðgjafar ehf.
 Ráðgjafaþjónusta Ástu Krístrúnar Ólafsdóttur
 Reikningshald og skattaskil ehf.
 Reikniver ehf.
 Reimaþjónustan - Reimar og Bönd ehf.
 Rekstrarfélagið Kringlan
 Renniverkstæði Ægis
 Reykjaþrent ehf.
 Reykjavík Wellness ehf
 Reykjavíkurprófastdæmi eystra
 Réttingaverk ehf.
 Réttur ehf. - Adalsteinsson & Partners
 Ríkki Chan ehf
 Rossopomodoro veitingastaður
 Rue de Net Reykjavík ehf.
 Ræstivörur ehf.
 S B Pipulagnir ehf.
 S.B.S. innréttingar
 S.G. Þjónustan ehf.
 S.Í.B.S.
 Samleið ehf.
 Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja
 Sálfræðiþjónusta Wilhelms Norðfjörð ehf.
 Scandinavian Smorrebrot og Braaserie
 Seljahlið, heimili aldraðra
 Seljakirkja
 Shop Couture sf.
 Sigurgeir Þór Sigurgeirsson
 Síma- og tölvulagnir ehf.
 Síminn
 Sínus ehf.
 Sjálfsbjörg Landssamband Fatlaðra
 Sjálfstæðisflokkurinn
 Sjöfiskur Sjávarfiskur ehf
 Sjöli hf.
 Sjómannadagsráð
 Sjóvélar ehf.
 Sjúkraþjálfun styrkur ehf.
 Sjúkraþjálfunin Heil og Sæl ehf.
 Skartgripaverslun og vinnustofa Eyjólf
 Skeljungur hf.
 Skilti merking & prentun
 Skipatækni ehf.
 Skjal ehf.
 Skolphreinsun Ásgeirs
 Skorri ehf.
 Skrifstofan ehf.
 Skúlason & Jónsson ehf.
 Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
 SM Kvótáping ehf.
 Smith & Norland hf.
 Smur- og viðgerðarþjónustan ehf.
 Smurstöðin Klöpp ehf.
 Smurstöðin, Fosshálsi 1
 Snerruútgáfan ehf.

Snyrtisetrið- Húðfegrarstofa
 Snyrtistofan Ársól í Grímsbæ
 Snyrtistofan Zera
 Snyrtivöruverslunin Hygea ehf.
 SP Tannréttingar
 Sportbarinn ehf.
 Sportlíf - Fæðubótaefni
 Sproti hf.
 Spöng ehf.
 Stansverk ehf.
 Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
 Stálflex ehf.
 Stjórnuegg hf.
 Stólpi ehf.
 Stóra bilasalan ehf
 Stórelldhús ehf
 Styrja ehf.
 Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
 Suzuki bílar hf.
 Svanur Ingimundarson Málarameistari
 Sveinbjörn Bjarnason
 Sveinsbakari ehf.
 Svipmyndir
 Söluturninn Víkivaki
 T. ARK teiknistofan ehf
 Talnakönnun
 Tannálfur sf.
 Tannlæknar Mjódd
 Tannlæknastofa Jóns Birgis Baldurssonar
 Tannlæknastofa Theódórs
 Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar
 Tannréttingar sf.
 Tannsmiðastofan Hverfisgötu
 Tannver - Ásgeirs ehf.
 TCM Innheimta ehf.
 Tengi ehf.
 TGM Ráðgjöf
 THG Arkitektar ehf.
 Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði
 Timaritíð Lifandi Visindi - Elísa Guðrún ehf.
 Tískuverslunin Cosmo
 Tískuverslunin Smart hf.
 Tónastöðin ehf.
 Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar
 Trésmiðjan Jari ehf.
 Trévirki hf.
 Triton hf.
 Túnþökupjónustan ehf.
 TV hf. Tækniþjónusta-verktakar
 Tækni ehf.
 Tækniþjónusta Péturs Sigurðs sf.
 Tölvukerfi ehf
 Tösku- og hanskabúðin hf.
 Ullarkistan ehf.
 Umslag ehf.
 Unique hár & spa ehf.
